

Arngrímur Vídalín

Að bera harm sinn í hljóði

ANDVAKA Soffíu Stefánsdóttur

Íslensk alþýðumenning hefur verið á undanhaldi síðustu hálfu öldina. Sumt af því sem sem áður var iðja almennings er nú orðið að áhugamálum sérvitringa. Haldin eru, svo dæmi sé nefnt, sérstök hagyrðingamót og fólk sem kveðst á dags daglega er næstum jafn sjaldséð og geirfuglinn. Margt af því sem ort var fyrr á tíð er löngu gleymt og týnt enda hirtu fæstir um að halda skáldskap sínum til haga. Og þó að sumt hafi varðveist á vörum fólks og jafnvel ratað á prent, þá eru það einna helst alþýðukonur sem gleymst hafa í bókmenntasögunni.

Að sið þjóðfræðinga vil ég nefna að ég er ungur Reykvíkingur, fæddur 1984, en á rætur að rekja til Vestfjarða, Norðurlands og Suðausturlands. Áhugi minn á efni þessarar litlu greinar er persónulegur þar eð skáldkonan sem ég fjalla um hér er langamma mín í föðurætt. Mér er því málið ekki lítið skylt.

(Steinunn) Soffía Stefánsdóttir, langamma mín, var fædd á Litlu Ásgeirsá í Viðidal í Vestur-Húnavatnssýslu þann 15. apríl 1895. Hún var gift Friðriki Jónssyni, fæddum á Hömrum á Fremribyggð í Skagafirði 28. maí 1891. Hann lést á Kristneshæli 5. janúar 1962. Friðrik var ekill er hann giftist Soffíu en fyrir átti hann Emilíu Sveinsdóttur sem lést 1920. Þau Soffía og Friðrik áttu fyrst bú að Krithóli á Neðribyggð í Skagafirði en fluttu um skeið á Sauðárkrók og loks til Akureyrar árið 1938.

Soffía var mikill hagyrðingur og hún var þekkt fyrir að missa upp úr sér kviðlinga af minnsta tilefni. Þá sögu hef ég eftir ömmu minni, Ástu Emilíu Friðriksdóttur (f. 1926), að eitt sinn hafi henni ekki lítið sviðið kveðskapur móðurinnar. Amma er fædd í janúar og fyrir vikið átti hún að fermast með börnum sem voru ári eldri. Amma þráði ekkert meir en

að fá að fermast árið 1939 með jafnöldrum sínum en það gekk ekki eftir þótt reynt væri.

Það var enginn sími á heimili Soffíu og Friðriks á Akureyri svo að Friðrik þurfti sjálfur að leita á fund prests til að sýsla um þessi mál í von um farsæla niðurstöðu. Einhverju sinni fór hann út og amma mín var hárviss um að hann væri farinn að finna prestinn. Þegar hann sneri aftur nokkru síðar spurði hún af ákefð hvað presturinn hefði sagt. Faðirinn svarar því til að hann hefði ekki verið hjá prestinum, heldur úti í húsi hjá nauti sem hann var að gæta fyrir annan á þeim tíma. Við þetta varð amma mín heldur súr. Þá orti móðir hennar þessa vísu:

Grimmlega sagði nautið nei,
nei, það vita máttu.
Ferminguna fær hún ei
fyrir vankunnáttu.

Þessi kviðlingur hefur sennilega síst verið til þess fallinn að gleðja hana ömmu mína.

Soffía, langamma mín, lést þann 8. nóvember 1958 aðeins 63 ára að aldri. Hún var harmdaudi öllum sem þekktu. Amma var ekki elsta barnið hennar en hún var fyrsta barnið sem lifði. Eldri systir hennar, Katrín Emilía, lést tveggja ára gömul árið 1925, en amma hefur borið Emilíunafnið eftir hennar dag.

Það hefur verið annað hvort árið 1959 eða 1960 sem Ásta Emilía, amma mín, fékk óvænta heimsókn frá (Jónbjörgu) Judith Jónbjörnsdóttur, kennslukonu á Akureyri og vinkonu Soffíu. Hún færði henni bréfkorn sem fjallaði um stúlkubarnið Katrínu Emilíu.

Hún er undarleg þessi harka sem býr í þjóðarsálinni hér á hjara veraldar. Við erum bara nýlega byrjuð að læra að tala um tilfinningar en í þá daga var til síðs að fólk bæri harm sinn í hljóði. Ungbarnadaudi var algengur og allir glímdu við sín eigin vandamál svo það kom engum í hug að bera sorgir sínar á borð fyrir aðra. Veruleikinn var aftur á móti sá að langamma jafnaði sig aldrei á þessum missi. Amma vissi vel að móðir hennar bæri þunga sorg í hjarta, jafnvel þótt hún minntist aldrei á barnið sem hún missti. Það kom ömmu því á óvart þegar vinkona langömmu færði henni samanbrotið vélritað bréf.

Soffía langamma hafði þá ort kvæði sér til sáluhjálpar eftir missinn, í dimmum torfbæ um miðjan vetur. Það er rétt hægt að ímynda sér kringumstæðurnar en sama hvernig því er snúið þá er varla hægt að ætla

sér þá dul að hafa skilning á þeim aðstæðum, eða þeim tilfinningum sem hafa hrærst í brjósti hennar á þeim tíma. Þetta kvæði flutti Soffía aldrei fyrir nokkurri manneskju, þótt vitað væri að hún hefði ort það – eða svo hélt amma, þar til henni var afhent það vélritað á skrifstofupappír.

Þetta er eina kvæðið eftir Soffiu langömmu mína sem varðveist hefur, auk vísunnar hér að framan sem amma lagði á minnið þegar hún var þrettán ára. Öðru er ekki til að dreifa.

Það er heldur ekki vitað hvernig Judith Jónbjörnsdóttir lærði kvæðið. Ég hef viljað ímynda mér að Soffía langamma hafi trúað henni fyrir kvæðinu og að Judith hafi numið það af vörum hennar rétt eins og í þjóðsögu og vélritað það í laumi eftir að hún var farin. En fyrir þessu eru engar sannanir og engri annarri manneskju – svo vitað sé – trúði Soffía fyrir kvæðinu um látna dóttur sína.

En með hvaða hætti hún flutti Judith kvæðið skiptir sennilega engu máli. Það sem skiptir máli er að Judith hélt upp á það. Ég held að Soffía hafi viljað að kvæðið kæmist þannig til skila þótt hún væri of hæversk til að koma því á framfæri sjálf. Kvæðið var einfaldlega of persónulegt, og Soffía var of hógvær til að segja nokkrum manni frá því. Hvaða máli skipta líka tilfinningar einnar konu?

Heilmiklu, fyrir mig.

Kvæðið heitir ANDVAKA. Það er harmþrungin kvæði með innri frásögn og ramma. Það hefst á andvöku ljóðmælanda sem getur ekki sofnið fyrir harmi. Þá mælir látin dóttir til hennar eins og utan úr húminu og sefar hana. Kvæðinu lýkur svo á ósk um að fá að deyja.

Langömmu varð að ósk sinni, ef marka má kvæðið; hún fékk að deyja ung, hvort sem hennar beið dóttir fyrir handan eða ekki. Mér finnst þetta skipta höfuðmáli en ég kann reyndar ekki að skýra þá tilfinningu. Ég þekki langömmu mína ekki nema í gegnum þetta eina kvæði, en þau tengsl sem ég hef fundið við hana þannig eru djúp og sterk.

Amma varð sem fyrr segir hissa þegar hún fékk kvæðið í hendurnar, vitandi að það hefði verið til en haldandi að það væri glatað. Eins og til að halda uppi ættarhæverskunni sýndi hún það ekki nokkrum manni, ekki frekar en móðir sín, þar til hún gaf mér það í sumar sem leið. Fram að útgáfustund þessa kvæðis er ég einn í minni ætt fyrir utan ömmu sem veit að það er til.

Kvæðið er sláandi, og þó að þetta sé ekki nema kvæði einnar konu þá endurspeglar það líf og aðstæður margra kvenna sem glíma þurftu við missi. Þetta kvæði er saga þeirra allra ekki síður en það er glíma Soffiu

einnar við sinn persónulega missi. Enn fremur er kvæðið gluggi inn í horfinn tíma íslensks sveitasamfélags í upphafi tuttugustu aldar.

Formæður mínar voru og eru hæverskt fólk. Ég er aftur á móti ekkert hæverskur svo nú ætla ég að leyfa lesendum að kynnast langömmu minni.

Andvaka

Hnípi ég ein í húmi nætur.
Hörkustormur úti þýtur,
voldugri með vetrarhendi
visið lauf af greinum strýkur.

Eyðilegt er inni í ranni.
Ekki fæst af svefni styrkur.
Augun stara út í bláinn,
ekkert sjá þau nema myrkur.

Hvert skal stefna? Hvað skal gera?
Hvar er eftir friði að leita?
Sviða í brjósti sollnar undir,
sólskinslausir dagar þreyta.

Þei, þei, stormur, haf þig hljóðan,
að hlustum mínum raddir líða.
Ó, mér finnst ég eina þekkingja:
unaðslega hjalið blíða.

Þei, ég hlusta. Enginn efi
er að þessa rödd ég þekki.
„Góða mamma gráttu eigi,
guði þvílíkt líkar ekki.

Í yndislegum englaskara
uni ég á hverjum degi.
Allt er fullt af birtu og blómum.
Brenna ljós á mínum vegi.

Dýrðlegt er í drottins sölum,
dásemd þvílík hugann kætir.
Og ég fæ svo oft að koma.
Ef þú bara séð mig gætir.

Hlæi sól á himni bláum,
helli birtu á þínar slóðir,
það er kossum þrungin kveðja,
þú átt hana, elsku móðir.

Ef þú finnur aftanblæinn
undurþýtt um vanga strjúka,
það eru mínir litlu lófar,
lögum sem þú taldir mjúka.

Ef að leiðin erfið þreytir
yfir kalda lífsins hjarnið,
mundu að allt hið göfga og góða
gleður litla hjartabarnið.

Og þegar lýkur þínu stríði,
þá er svo margt og gott í vonum:
guð hefir sagt á móti mömmu
megi ég fara að takmörkonum.“

Hljómaði englasöngur sætur,
sá ég bjartar stjörnur skína.
Fylltist loftið fögrum kliði.
Friður draup í sálu mína.

Hljóðnuðu raddir, helg var kyrrðin,
hjaðnaði niður vetrarrokið.
Himnafaðir, viltu veita,
að vegferð minni brátt sé lokið.

– Soffía Stefánsdóttir (1895–1958)